

Lýsigögn:

Lífeyrisskuldbindingar í þjóðhagsreikningum

0. Skráningaratriði fyrir viðfangsefni

0.1 Heiti

Lífeyrisskuldbindingar

0.2 Efnisflokkur

Þjóðhagsreikningar

0.3 Umsjón; stofnun, deild, sérfræðingur o.s.frv.

Deild þjóðhagsreikninga og opinberra fjármála

netfang: thjodhagur@hagstofa.is

sími: 528 1000

0.4 Tilgangur og aðdragandi

Tölfræði um uppsafnaðar lífeyrisskuldbindingar almannatrygga (Tafla 29) er hluti af innleiðingu ESA 2010, þjóðhagsreikningastaðals Evrópusambandsins. Fulltrúar aðildarlanda tóku þátt í starfshópi um mannfjöldapróun (Ageing working group) innan hagkerfa Evrópusambandslanda, sem hluti af samkomulagi um stöðuleika opinberra fjármála og vaxtar innan Evrópusambandsins. Talið var mikilvægt að meta uppsafnaðar lífeyrisskuldbindingar innan aðildarlandanna og samrýma aðferðafræði. Flest aðildarlönd ásamt Ísland eru að gefa þessa tölfræði út í fyrsta skipti fyrir árið 2015.

0.5 Notendur og notkunar svið

Tölfræði um lífeyrisskuldbindingar í þjóðhagsreikningum gefur mynd af stöðu lífeyrisskuldbindinga í hagkerfinu hverju sinni, og er þá átt við skyldubundna samtryggingakerfið og mat á uppsöfnuðum lífeyrisskuldbindingum almannatrygginga. Þessar upplýsingar gefa greinendum yfirlit um umfang lífeyrisskuldbindinga hverju sinni og þá sérstaklega mikilvægt í samhengi við aldurs- og samfélagsþróun.

0.6 Heimildir

Stuðst er við eftirfarandi heimildir:

- Ársreikninga lífeyrissjóða, teknir eru saman af Fjármálaeftirlitinu.
- Gögn um lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun Ríkisins.
- Tryggingafræðilegar upplýsingar fengnar hjá Félagi Tryggingastærðfræðinga.

- Tölfræði frá Hagstofu Íslands um mannfjölda.

0.7 Lagalegur grundvöllur fyrir hagskýrslugerð

Sjá lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð nr. 163/2007.

0.8 Svarbyrði við innsöfnun

Engin

0.9 Ákvæði vegna EES og ESB

Í reglugerð Evrópusambandsins nr. 2223/96 er kveðið á um samræmdar aðferðir við gerð þjóðhagsreikninga í ríkjum ESB og EES.

Birting og gagnasending fjármálareikninga er samkvæmt reglugerð Evrópusambandsþingsins og -ráðsins um skil á þjóðhagsreikningagögnum, nr. 1392/2007 frá 13. nóvember 2007.

Sjá nánar: [http://eur-](http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2007:324:0001:0078:EN:PDF)

[lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2007:324:0001:0078:EN:PDF](http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2007:324:0001:0078:EN:PDF)

1. Efni

1.1 Efnislýsing

Íslenska lífeyrisherfinu má skipta í þrjár meginstoðir, almannatryggingar (Pillar I), samtryggingu atvinnutengdra lífeyrissjóða (Pillar II) og frjálsan lífeyrissparnað (Pillar III).

Tölfræði um lífeyrisskuldbindingar í þjóðhagsreikningum tekur til greina fyrstu tvo stöplana, almannatryggingar (Pillar I) og atvinnutengda lífeyrissjóði (Pillar II).

Almannatryggingar eru fjármagnaðar af skatttekjum hins opinbera og greiða út tekjutengdan ellilífeyri, almennt frá 67 ára aldri. „Ellilífeyrir“ í útreikningum á hér við um grunnlífeyri, tekjutryggingu og heimilisuppbót ellilífeyrisþega og miðar við aðferðafræði þjóðhagseikningastaðalsins. Lífeyrir eftirlifenda og örorku undir lífeyristökualdri er því ekki tekinn til greina í útreikningi á uppsöfnuðum lífeyrisskuldbindingum almannatrygginga. Við útreikning á lífeyrisskuldbindingum almannatrygginga er stuðst við svokallaða „uppsöfnun-að-dagsetningu“ (e. accrued-to-date (ADL)) aðferð, en inntak hennar er uppsafnaðar skuldbindingar gagnvart þeim sem þegar hafa unnið sér inn réttindi í lok viðmiðunarársins. Þessi aðferð tekur því ekki mið af mögulegum réttindum út starfsævi þeirra sem eru þegar í kerfinu né nýja réttindahafa, heldur einungis punktstöðu réttindauppsöfnunar við lok viðmiðunarársins. Niðurstöðurnar gefa ekki mynd af sjálfbærni lífeyrisherfis almannatrygginga enda ekki um uppsöfnunarkerfi að ræða

Hin meginstoðin í lífeyrisherfinu er skyldubundin samtrygging atvinnutengdra lífeyrissjóða (Pillar II) og er flokkuð í tvo megin flokka, samtryggingu fyrir starfsmenn hins opinbera, sem er tryggð eru af hinu opinbera, og hinsvegar samtryggingu starfsmanna á almennum vinnumarkaði, þar sem útgreiðsla ellilífeyris er háð virði uppsöfnunar við ellilífeyristöku. Upplýsingar um stöðu lífeyrisskuldbindinga atvinnutengdra lífeyrissjóða hafa verið aðgengilegar sögulega vegna lagalegra skyldna lífeyrissjóða, en slíkt fyrirkomulag hefur ekki átt við um almannatryggingar. Helsta niðurstaða þessarar tölfræði er því að meta uppsafnaða skuldbindingu

almannatryggingakerfisins, út frá nýlega þróuðum aðferðum þjóðhagsreikningastaðalsins.

1.2 Tölfræðileg hugtök

Upplýsingar stöðu og hreyfingar lífeyrisskuldbindinga í þjóðhagsreikningum á Íslandi skiptast í eftirfarandi flokka:

- Almennatryggingar
- Atvinnutengda lífeyrissjóði
 - Starfsmenn hins opinbera (samtrygging með ábyrgð)
 - Starfsmenn á almennum vinnumarkaði (samtrygging án ábyrgðar)

Staða og hreyfingar á lífeyrisskuldbindingum:

1. **Lífeyrisskuldbindingar í byrjun árs.**
2. **Aukning á lífeyrisskuldbindingum (Liðir: Σ 2.1 til 2.4 – 2.5).**
 - 2.1. Mótframlag atvinnurekanda.
 - 2.2. Hækkun á lífeyrisskuldbindingum vegna breytinga á tryggingafræðilegum forsendum.
 - 2.3. Iðgjöld einstaklinga.
 - 2.4. Ávöxtun lífeyrisskuldbindinga.
 - 2.5. Þjónustugjöld lífeyrissjóða.
3. Aðrar tryggingafræðilegar breytingar á lífeyrisskuldbindingum almannatrygginga¹.
4. Lækkun lífeyrisskuldbindinga vegna útgreiðslu lífeyris.
5. **Breyting á lífeyrisskuldbindingum vegna flæðis og forsendna (Liðir: 2 + 3 – 4).**
6. Færsla á lífeyrisskuldbindingum á milli ólíkra lífeyriskerfa.
7. Breytingar á skuldbindingum vegna umsamda breytinga.
8. Breytingar á skuldbindingum vegna endurmats.
9. Breytingar á skuldbindingum vegna annarra breytinga á magni.
10. **Lífeyrisskuldbindingar í lok árs (Liðir: 1+ Σ 5 til 9).**

Hægt er að sjá nálgast ítarlegri upplýsingar um hugtök og aðferðafræði á vef [Eurostat](#) á ensku.

2. Tími

2.1 Viðmiðunartími talnaefnis

Árstölur vísa til almanaksárs.

¹ Á einungis við um almannatryggingar

2.2 Vinnslutími

Fyrsta útgáfa tölfræði um lífeyrisskuldbindingar í þjóðhagsreikningum á Íslandi samkvæmt nýjum þjóðhagsreikningastaðli ESA 2010 var birt fyrir árið 2015 í maí 2018. Áætlað er að gefa út tölfræðina á 3 ára fresti, í samræmi við önnur aðildarlönd Evrópusambandsins.

2.3 Stundvísi birtingar

Niðurstöður eru birtar samkvæmt birtingaráætlun Hagstofunnar.

2.4 Tíðni birtinga

Lokagögn verða gefin út með 3 ára tímatöf (t+36) og sending gagna til hlutaðeigandi alþjóðastofnana mun fylgja í kjölfar birtingar hér heima. Tölfræði um lífeyrisskuldbindingar í þjóðhagsreikningum verða aðgengilegir á íslensku og ensku á heimasíðu Hagstofunnar.

3. Áreiðanleiki og öryggismörk

3.1 Nákvæmni gagna og áreiðanleiki

Við úrvinnslu er stuðst við gögn sem tekin eru saman af fjármálaeftirlitinu úr ársreikningum lífeyrissjóða og gögn um lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun Ríkisins. Ekki er gerð athugasemd við áreiðanleika og nákvæmni gagna.

3.2 Skekkjuvaldar í gögnum

Skekkjur eða ónákvæmni í gögnum setja vissulega mark sitt á tölur um þjóðhagsreikninga. Þó má segja að með samræmdri meðhöndlun gagnanna frá ári til árs megi draga verulega úr skekkju í frumheimildum.

3.3 Tölur um öryggismörk/skekkjumælingar

Í útgáfum eru ekki notaðar tölur um skekkju eða öryggismörk.

4. Samanburður

4.1 Samanburðarhæfi milli tímabila

Áætlað er að gögnin verði samanburðarhæf milli ára þar sem beitt er samræmdum aðferðum frá ári til árs við útreikninga og vinnslu. Sambærileiki talna getur þó raskast vegna breyttra heimilda eða aðferða.

4.3 Samband milli bráðabirgðatalna og lokatalna

Engar bráðabirgðatölur eru gefnar út.

5. Aðgangur að upplýsingum

5.1 Miðlunarleiðir

Vefur Hagstofu Íslands

Gagnabankar OECD og Eurostat sem eru aðgengilegir á heimasíðum þessara stofnana.

5.2 Grunnöggn; varðveisla og notkunarmöguleikar

Grunngögn eru varðveitt á Hagstofunni. Afstaða er tekin til þess hverju sinni hvort utanaðkomandi aðilar fá aðgang að ítarlegri sundurliðun gagna en birt eru. Í því sambandi er verndun trúnaðarupplýsinga höfð í fyrirrúmi og fylgt verklagsreglum Hagstofu Íslands um meðferð trúnaðargagna, sem eru aðgengilegar á heimasíðu Hagstofunnar.

5.3 Skýrslur

Þjóðhagsreikningakerfi Evrópusambandsins, ESA 2010:

<http://ec.europa.eu/eurostat/documents/3859598/5925693/KS-02-13-269-EN.PDF>

5.4 Aðrar upplýsingar

Á vef Eurostat (Hagstofu Evrópusambandsins) er að finna aðgengilegar upplýsingar um lífeyrisskuldbindingar í þjóðhagsreikningum og tengsl við aðra Evrópska tölfræði lí:

<http://ec.europa.eu/eurostat/web/pensions/overview>